

Fimmtudaginn 15. desember 1994.

Nr. 223/1993.

Björn Baldursson og

Rut Skúladóttir

gegn

Glitni hf.

Skuldabréf. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1993. Þeir gera eftirfarandi dómkröfur:

„Aðallega. 1. Að skuldabréf, dags. 22. 9. 1989, út gefið af Rut Skúladóttur vegna firmans Hjá Rut verði felld úr gildi sem forsenda skuldasambands málsaðilanna. 2. Að uppgjör aðila fari eftir upphaflegum fjármögnunarleigusamningi um deigsprautu, dags. 3. 12. 1987, að því er höfuðstól skuldarinnar varðar. 3. Að fallist verði á, að gjaldfelling skuldarinnar hafi ekki verið lögum samkvæm, þar eð hún var ekki fasteignaveðstryggð. 4. Að allar innborganir áfrýjenda verði taldar fyrst til lækkunar höfuðstóls. 5. Að vextir og verðbætur verði fyrst reiknaðar til greiðslu að höfuðstól greiddum. 6. Að dráttarvextir verði felldir niður frá 18. 5. 1990 vegna mistaka þeirra, sem átt hafa sér stað við meðferð innheimtumálsins. 7. Áfrýjendur krefjast málskostnaðar að mati Hæstaréttar fyrir báðum dómstigum. Til vara, að krafa Glitnis hf. verði reiknuð samkvæmt skuldabréfi, dags. 22. 9. 1989. Tillit verði tekið til hlutagreiðslna frá upphafi. Dráttarvextir verði felldir niður frá 18. 5. 1990 vegna mistaka við meðferð málsins. Til þrautavara, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað á ný til héraðsdóms.“

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendum gert að greiða sér in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Einn áfrýjenda, Baldur Gíslason, lést, eftir að málinu var áfrýjað, og hefur dánarbú hans ekki tekið við aðild málsins fyrir Hæstarétti.

Málið er skriflega flutt samkvæmt heimild í 1. mgr. 24. gr. laga nr. 38/1994, sbr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994.

Mál þetta var rekið eftir XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. nú XVII. kafla laga nr. 91/1991. Héraðsdómari mat réttilega þær varnir, sem áfrýjendur gátu teflt fram í héraði. Hér fyrir dómi hafa áfrýjendur í 1., 2. og 6. lið kröfugerðar sinnar aukið við varnarástæðum, sem hvorki verða fram bornar í máli, sem rekið er samkvæmt framangreindum réttarfarsákvæðum, né er heimilt að hafa uppi í Hæstarétti samkvæmt 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans. Áfrýjendur skulu greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Björn Baldursson og Rut Skúladóttir, greiði in solidum stefnda, Glitni hf., 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. mars 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. febrúar sl., er höfðað með stefnu, birtri 4. og 5. október 1991 af Glitni hf., Ármúla 7, Reykjavík, gegn Rut Skúladóttur, Fiskislóð 94, Reykjavík, persónulega og f. h. einkafirma hennar, Hjá Rut, Snorrabraut 56, Reykjavík, Birni Baldurssyni, Grettisgötu 60, Reykjavík, og Baldri Gíslasyni, Hringbraut 111, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmd in solidum til þess að greiða skuld, að fjárhæð 329.471 kr., með dráttarvöxtum [...] auk málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefndu eru eftirfarandi:

1. Að málinu verði að frumkvæði dómsins vísað frá dómi.
2. Vegna efnisatriða er þess krafist, að stefnukröfur verði lækkaðar og leiðréttar með hliðsjón af heildargreiðslum, sem inntar hafa verið af hendi til stefnanda vegna vélar þeirrar, sem viðskiptin stóðu um, þannig, að heildargreiðsla fyrir vélina verði ekki óhófleg miðað við upphaflegt verð hennar og heildarlánstíma.
3. Þess er krafist, að málskostnaður verði felldur niður, en til vara er þess krafist, að hann verði einungis reiknaður af mismun heildar greiddrar fjárhæðar og endanlegrar fjárhæðar samkvæmt dómsniðurstöðu.

Málsástæður.

Dómkröfur sínar í málinu reisir stefnandi á skuldabréfi með lánskjaravísitölu og sjálfskuldarábyrgð, upphaflega að fjárhæð 500.000 kr., út gefnu 22. september 1989 af stefnda Hjá Rut til stefnanda, en á bréfið rita sem sjálfskuldarábyrgðaraðilar stefndu, Rut Skúladóttir, Björn Baldursson og Baldur Gíslason. Skuldabréfið skyldi greiða hjá stefnanda með fimm afborgunum á 6 mánaða fresti auk lánskjaravísitölu og 8,75% ársvaxta, í fyrsta sinn 15. febrúar 1990. Stefnandi kveður stefndu ekki hafa greitt afborgun og vexti 15. febrúar 1990, 127.463 kr., og hafi gjaldfelldar eftirstöðvar þann dag verið 434.366 kr. Stefnufjárhæð máls þessa nemi kr. (sic), samtölu gjaldfallinnar afborgunar og gjaldfelldra eftirstöðva 15. febrúar 1990 að frádregnum innborgunum 11. júní 1990:

40.000 kr. 11. júlí 1990, 35.415 kr. 11. desember 1990, 20.000 kr. 28. maí 1991, 14.374 kr. 10. júní 1991, 14.375 kr. 3. júlí 1991, 20.000 kr. 10. júlí 1991, 20.000 kr. 22. júlí 1991, 12.450 kr. 25. júlí 1991, 19.760 kr. 31. júlí 1991, 12.450 kr. 6. ágúst 1991, 12.450 kr. 22. nóvember 1991 11.083 kr. (sic).

Stefnandi rekur málið samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936 og mótmælir því, að kröfur vegna efnisatriða fái komist að í málinu. Hann mótmælir jafnframt kröfu stefndu um frávísun.

Stefnandi sundurliðar stefnufjárhæð með eftirfarandi hætti:

Höfuðstóll skuldabréfs	kr.	500.000
Grunnvísitala 2584		
Lánskjaravísitala í febrúar 1990 2806		
Hækkun á höfuðstól vegna verðbóta	-	42.957
Höfuðstóll 15. 2. 1990 með verðbótum	kr.	542.957
Samningsvextir frá útgáfudegi til 15. 2. 1990	-	18.872
Samtala höfuðstóls, vaxta og verðbóta	kr.	561.829

Í þinghaldi 23. febrúar sl. var að kröfu stefndu bókuð nánari útlistun á kröfugerð, sem er þannig:

„Þess er krafist, að innborganir, sem inntar hafa verið af hendi, fyrst í Iðnaðarbanka, síðar á skrifstofu Glitnis hf. og að lokum á skrifstofu Sveinbjörns Sveinbjörnssonar hdl., verði allar reiknaðar til lækkunar höfuðstóls skuldarinnar, eins og hún var í upphafi, þ. e. 405.594 kr. Þessi fjárhæð var andvirði kaupleigusamnings við Sætabrauðshúsið, dags. 3. desember 1987, sbr. dskj. nr. 21.

Þess er krafist, að reikningsaðferð dráttarvaxta miðist við eftirstöðvar

höfuðstólsins, eins og þær voru á hverjum tíma að lokinni innborgun á höfuðstól til næstu innborgunar á höfuðstól.

Þess er krafist, að dráttarvextir verði ekki lagðir við höfuðstól skuldarinnar og ekki lagðir á hana vaxtavextir eða beitt svokallaðri gjaldfellingar meðferð, sem stefndu telja, að eigi sér ekki lagastoð í íslenskum rétti, nema að því er varðar fé ófjárráða. Samningsákvæði um gjaldfellingu er því merkingarlaust.

Þess er krafist, að höfuðstóll til útreiknings á málskostnaði verði munurinn á greiddri og ógreiddri fjárhæð samkvæmt niðurstöðu dómsins.“

Niðurstaða.

Formgallar eru ekki á málinu. Er því ekki fallist á þá kröfu stefndu, að vísa beri málinu frá dómi ex officio.

Eins og áður greinir, reisir stefnandi kröfur sínar á skuldabréfi, að fjárhæð 500.000 kr. Nemur gjaldfallin fjárhæð 15. febrúar 1990 561.829 kr., eins og að framan er rakið. Telst útreikningur stefnanda í samræmi við ákvæði skuldabréfsins, enda hafa stefndu ekki sýnt fram á annað. Koma innborganir til frádráttar þessari fjárhæð, en ekki fjárhæðin 405.594 kr., andvirði kaupleigusamnings við Sætabrauðshúsið sf., enda er sá samningur ekki til umfjöllunar í þessu máli.

Áður eru raktar þær innborganir, sem stefnandi telur, að eigi að koma til frádráttar gjaldfallinni fjárhæð 15. febrúar 1990. Stefndu hafa lagt fram í málinu 20 kvittanir, sem þau telja, að sýni innborganir sínar á umstefnda skuld. Sjö þessara kvittana eru til komnar vegna greiðslu Sætabrauðshússins, og þykir ekki sýnt fram á gegn andmælum stefnanda, að um innborgun sé að ræða á umstefnda skuld. Tólf kvittanir stemma við þær innborganir, er stefnandi telur, að komi til frádráttar gjaldfallinni fjárhæð 15. febrúar 1990. Þá er ein kvittun, sem ekki kemur til frádráttar í kröfugerð stefnanda. Er þar um að ræða greiðslukvittun, dags. 20. ágúst 1990, að fjárhæð 60.000 kr. Greiðandi samkvæmt kvittun þessari er Hjá Rut, og er númer umstefnds skuldabréfs tilgreint á kvittuninni. Er hún sambærileg við fyrrgreindar greiðslukvittanir vegna innborgana. Telst stefnandi því hafa sönnunarbyrðina fyrir því, að umrædd greiðsla sé ekki innborgun á kröfu samkvæmt umstefndu skuldabréfi. Þar sem slík sönnun hefur ekki tekist, kemur umrædd greiðsla til frádráttar stefnukröfum í málinu.

Samkvæmt ákvæði í umstefndu skuldabréfi var stefnanda, er ekki var staðið í skilum með greiðslu afborgana 15. febrúar 1990, heimilt að gjaldfella alla skuldina.

Eins og kröfugerð stefnanda er háttað, koma innborganir til frádráttar höfuðstól skuldarinnar.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 25/1987 skulu dráttarvextir lagðir við höfuðstól skuldar og nýir dráttarvextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð, ef vanskil standa lengur en 12 mánuði.

Samkvæmt framansögðu er niðurstaða málsins sú, að stefndu ber að greiða stefnanda 269.471 kr. með dráttarvöxtum, eins og greinir í dómsorði.

Eftir niðurstöðu málsins ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 95.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Rut Skúladóttir persónulega vegna einkafirma síns, Hjá Rut, Björn Baldursson og Baldur Gíslason, greiði in solidum stefnanda, Glitni hf., 269.471 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, af 561.829 kr. frá 15. febrúar 1990 til 11. júní 1990, af 521.829 kr. frá þeim degi til 11. júlí 1990, af 486.414 kr. frá þeim degi til 20. ágúst 1990, af 426.414 kr. frá þeim degi til 11. desember 1990, af 406.414 kr. frá þeim degi til 28. maí 1991, af 392.039 kr. frá þeim degi til 10. júní 1991, af 377.664 kr. frá þeim degi til 3. júlí 1991, af 357.664 kr. frá þeim degi til 10. júlí 1991, af 337.664 kr. frá þeim degi til 20. júlí 1991, af 325.214 kr. frá þeim degi til 25. júlí 1991, af 305.454 kr. frá þeim degi til 31. júlí 1991, af 293.004 kr. frá þeim degi til 6. ágúst 1991, af 280.554 kr. frá þeim degi til 22. nóvember 1991, en af 269.471 kr. frá þeim degi til greiðsludags og 95.000 kr. í málskostnað, sem ber dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.
